Landssamtökin Þroskahjálp
Mannréttindi fyrir alla!

Umsögn Landssamtakanna Þroskahjálpar um drög að nýrri skilgreiningu á grunnþjónustu hins opinbera, rétti fólks til opinberrar grunnþjónustu og skilgreiningu á aðgengi fólks.

Landssamtökin Þroskahjálp vilja koma eftirfarandi á framfæri varðandi þau drög sem hér eru til umsagnar.

Landssamtökin Þroskahjálp vinna að réttinda- og hagsmunamálum fatlaðs fólks, með sérstaka áherslu á fólk með þroskahömlun og/eða einhverfu eða skyldar raskanir og fötluð börn og ungmenni. Samtökin byggja stefnu sína á samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks, barnasáttmála SÞ og öðrum fjölþjóðlegum mannréttindasamningum sem íslenska ríkið hefur skudlbundið sig til að framfylgja. Þá taka verkefni, starfsemi og stefnumál samtakanna ævinlega mið af heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna.

Íslenska ríkið fullgilti samning SÞ um réttindi faltaðs[1] fólks árið 2016 og skuldbatt sig þar með til að framfylgja samningnum á öllum sviðum samfélagsins.

Í 4. gr. samningsins, sem hefur yfirskriftina, "Almennar skuldbindingar", segir m.a.:

"1. Aðildarríkin skuldbinda sig til þess að efla og tryggja að fullu öll mannréttindi og grundvallarfrelsi fyrir allt fatlað fólk án mismununar af nokkru tagi á grundvelli fötlunar.

Aðildarríkin skuldbinda sig í þessu skyni til:

a) að samþykkja alla viðeigandi löggjöf og ráðstafanir á sviði stjórnsýslu og aðrar ráðstafanir til að tryggja þau réttindi sem viðurkennd eru með samningi þessum,

b) að gera allar viðeigandi ráðstafanir, þar á meðal með lagasetningu, til þess að gildandi lögum, reglum, venjum og starfsháttum, sem fela í sér mismunun gagnvart fötluðu fólki, verði breytt eða þau afnumin,

c) að taka mið af vernd og framgangi mannréttinda fatlaðs fólks við alla stefnumótun og áætlanagerð,

d) að aðhafast ekkert það sem fer í bága við samning þennan og sjá til þess að

[1] https://www.althingi.is/altext/145/s/1637.html
https://www.althingi.is/altext/145/s/1693.html
https://www.stjornarradid.is/library/03-Verkefni/Mannrettindi-og-jafnretti/Mannrettindi/N%c3%bd%20%c3%be%c3%bd%c3%b0ing%20%c3%a1%20samningi%20S%c3%9e%20um%20r%c3%a9ttindi%20fatla%c3%b0s%20f%c3%b3lks%20-%20Copy%20(1).pdf

opinber yfirvöld og stofnanir vinni í samræmi við ákvæði hans, … .”

Í 4. gr. samningsins segir einnig:

“Við þróun og innleiðingu löggjafar og stefnu við innleiðingu samnings þessa og við annað ákvörðunartökuferli varðandi málefni fatlaðs fólks, skulu aðildarríkin hafa náið samráð við fatlað fólk og tryggja virka þátttöku þess, þar á meðal fatlaðra barna, með milligöngu samtaka sem koma fram fyrir þess hönd.”

Í 1. gr. laga nr. 38/2018 um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir og laga nr. 40/1991, um félagsþjónustu sveitarfélaga, með síðari breytingum, segir:

“Við framkvæmd laga þessara **skal framfylgt** þeim alþjóðlegu skuldbindingum sem íslensk stjórnvöld hafa gengist undir, einkum samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks.” (Feitletr. Þroskahj.)

Í ljósi þess hversu mikilsverð mannréttindi eru háð því að fatlað fólk hafi öruggt og greitt aðgengi að ýmis konar þjónustu sem ríki og/ eða sveitarfélögum er skylt að veita því, án mismununar á grundvelli fötlunar og/eða búsetu, samkvæmt stjórnarskrá, íslenskum lögum og fjölþjóðlegum mannréttindasamningum, sem íslenska ríkið hefur undirgengist, telja Landssamtökin Þroskahjálp að Þjónusta við fatlað fólk hafi mjög lítið vægi og fái mjög litla umfjöllun í þeim drögum sem hér eru til umsagnar.

Með vísan til þess sem að framan er rakið og þeirra ríku samráðsskyldu sem á stjórnvöldum hvílir samkvæmt samningi SÞ um réttindi fatlaðs fólks, sem vísað er til hér að framan, óska samtökin hér með eftir fundi með samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu til að gera því grein fyrir sjónarmiðum sínum og áherslum varðandi það sem um er fjallað í þeim drögum sem hér eru til umsagnar.

Virðingarfyllst,

Bryndís Snæbjörnsdóttir, formaður Landssamtakanna Þroskahjálp.